

EFTIRLITSSKÝRSLA

Fljótsdalshérað Tjarnarland



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	23.8.2016	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Kristjánsdóttir
Fyrirtæki	Fljótsdalshérað	Eftirlitsmaður	Helga Hreinsdóttir
Heimili	Lyngási 12	Tegund eftirlits	Framselt eftirlit
Kennitala	4810043220	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Freyr Ævarsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik voru staðfest, annars vegar varðandi útbúnað urðunarstaðarins fyrir sláturúrgang og fráveituskurð og hins vegar frá ákvæðu um daglega þekju úrgangs sem berst til staðarins. Aths. er gerð við að ekki hefur verið unnið með hrámoltu og einni að nokkuð er um fokefni norður af urðunarstaðnum.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt af Heilbrigðiseftirliti Austurlands samkvæmt samningi þar um. Eftirlitsmaður var Helga Hreinsdóttir.

Gengið var um urðunarstaðinn í fylgd með verkefnisstjóra umhverfismála Fljótsdalshéraðs og einnig spjallað við verktaka á staðnum. M.a. kom fram eftirfarandi:

Núverandi urðunarrein er að fyllast og rætt var um hvar ætti að urða næst. Skoðuð var yfirlistmynd af urðunarstaðnum sem sýnir skipulag áfangaskiptingar. Hvatt var til að haft yrði samráð við Umhverfisstofnun varðandi skipulag urðunarstaðarins og sem bestrar nýtingar svæðisins.

Sýnatökubrunnar neðan urðunarstaðar hafa verið útbúnir. Við skoðun var ekkert rennsli við mælikar neðan við urðunarstaðinn.

Fram kom að enn hefur ekki verið útbúin sérstök gryfja fyrir sláturúrgang og skurður vestan við urðunarstaðinn hefur ekki verið grafinn.

Nokkuð var af fokefni norðan við urðunarstaðinn, en annars var aðstaðan þökkalega hrein.

EKKI er lengur tekið við hrámoltu á urðunarstaðnum, heldur er lífrænum heimilisúrgangi ekið til meðhöndlunar hjá Moltu á Akureyri. Haugar af hrámoltu sem voru fluttir til urðunarstaðarins og lagðir ofan á gamla hluta haugsins eru óhreyfðir, þeim hefur ekki verið velt við til að örva gerjun.

Frávik frá	Lýsing á frávik
gr. 3.3 í starfsleyfi um sigvatn undan urðunargryfju fyrir sláturúrgang og úrbótaáætlun frá 14.10.2015	Urðunarhólf fyrir sláturúrgang hefur ekki verið útbúið og þ.a.l. ekki heldur sýnatökubrunnur fyrir sigvatn frá því. Skv. úrbótaáætlun átti að ljúka því fyrir háramót 2015/2016.

Gr. 3.3 í starfsleyfi, kafli um sigvatn og úrbótaáætlun frá 14.10.2015	Skurður vestan og sunnan urðunarstaðar hefur ekki verið grafinn. Skv. úrbótaáætlun var frestur til 1.5.2016.
--	--

Gr. 4.2 í starfsleyfi um daglegan frágang urðunarreina	Grófur úrgangur er ekki birgður samdægurs með jarðvegslagi né heldur þakinn nót eða sambærilegu.
--	--

ATHUGASEMDIR


Þar sem ekki hefur verið farið eftir gr. 2.8 í starfsleyfi um áframvinnslu moltu hafa engar skráningar um meðferð moltunnar farið fram. Rétt þykir að hrámolta sem nú er á staðnum verði sett í þunnu lagi yfir hauginn og jarðvegur ofan á.

Þá er gerð athugasemd um að nokkuð var um fokefni norðan við urðunarstaðinn.

18.10.2016

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.



Sigríður Kristjánsdóttir